

## Skógarferð til Noregs 1967 - Helgi Markús Kristófersson - dagbók

Mánud. 7. Ágúst

Lagt upp frá Rvík 15.45, gekk þá á með skúrum. Komið til Bergen 19.20, kl. 20.20 að staðartíma. Ókum frá flugvelli að farfuglaheimili, fengum þar mat og gistingu.

Þriðjud.8. ágúst

Vöknuðum kl. 6 í morgun í ljómandi veðri logni og sólskini, fengum morgunverð, og var svo ekið niður að höfn um borð í skipið Sognefjord og kl. 8 sigl frá Bergen inn Sognfjörð. Kl. 1 komið að Larvik, síðan haldið til Fjölle. Þar farið í biól til Gloppen (ca 100 km) þar tekið á móti okkur kl. 6.30. fórum þar sex úr bílnum; Þorsteinn Gunnarsson kennari frá Núpi og tvær stúlkur (auk Helga, Önnu konu hans og Huldu dóttur þeirra). Þaðan haldið að bæ í nágrenninu, [hjá] David Hjelle.

9. ágúst niðvikud.

Á fætur fyrir kl.8, borðaður morgunverður, síðan farið kl. 9.30 í gróðursetningu, var 2-3 km innar í dalnum og dvalið þar til kl.4 og haldið heim. Gróðursettum ca 800 stj rauðgreniplöntur, matur var kl. 5 og var þetta veisla – í tilefni 49 ára afmælis míns. Gengnum um nágrennið í kvöld, sátum síðan inni í góðu yfirlæti. Veður var dásamlegt í allan dag, logn og sólskin. Hiti mikill um miðjan dag – er hér fagurt umhverfi.

Fimmtud. 10. ágúst.

Mjög milt veður, skýjað og súld með köflum, annars þurrt. Gróðusettum 700 plöntur í dag, en í gær 650. kl. 6 bauð David okkur í bílferð um nágrennið. Vorum 2½ tíma, skemmtileg ferð, en skyggni ekki nógu gott, mikið mistur.

Föstud. 11. ágúst

Þokuloft og milt veður. Gróðursettum 900 plöntur í dag. Þótti góður árangur. Í kvöld komu hér hjón og sýndu okkur kvikmynd (lit) hér úr sveitinni, mjög fróðlegt. Hér var líka í kvöld skogmester (skógræktarstjóri) af þessu svæði.

Laugard. 12. ágúst

Skýjað og milt veður, sá þó til sólar öðru hvoru. Unnum frá kl. 10-12 gróðursettum 500 plöntur er þá búið að setja niður 2500 stk. kl.4.30 lögðum við svo upp í ferð á bílnum til Sandemo, fórum þar upp í fjall og sáum byggðasafn og borðuðum þar rjómagraut, síðan kaffi og pönnukökur.

Sunnud. 13. ágúst

Hægviðri, skýjað m.köflum.. lögðum upp í ferð á fjórum bátum, ekið inn Nordfjörd og inn í Briksdal og gegnið upp undir skriðjökul. Síðan ekið til baka Löen i Stryn og i Hallingdal, var þar matur kl. 3.30, mesta máltíð sem ég man eftir. Sáum höggmyndasafn þar, síðan ekið heim í Innvik, þar kl. 6.30, höfðum rólegt kvöld.

Mánud. 14. ágúst

Breytileg átt, lítisháttar rigning m. köflum. Vorum við að planta frá 9.30 yil 3.30. gróðursettum 950 stk borðað kl.4.30, kaffi kl. 6, höfðum rólegt í kvöld, horfðum svo á sjónvarp (amerísk mynd) í svefn kl. rúmt 12.

Þriðjud. 15. ágúst

Hægviðri létt skýjað m. köflum. Plöntuðum í dag ca 600 stk, hættum kl. 3. Í kvölf kl.7 komu allir saman (8. og 9. grúppa) í skóla. Spilarar 9 talsins spiluðu á fiðlu (Harðangurs) 8 fiðlur 1 harmonikka. Sá elsti 76 ára en yngsti 16 ára. Rektor skólans sýndi litmyndir frá Vestlandet, síðan kaffi og miklar kræsingar, ræðohöld o fl. David Hjelfi var á staðnum, fengum öll árituð kort frá honum, og kallaði hann hvern og einn upp. Hófinu lauk kl. 1.

Miðvikud. 16. ágúst

Hægviðri rign, e.h. þurrst síðd. Gengum niður í Innvík f.h. í búðir – kl. 2.30 vorum við sótt og farið að fella, var þar kaffiboð og þaðan kl. 4 að Bændaskólanum . stansað í Greniskógi, var þar kaffi hitað á hlóðum, síðan ekkið að Bændaskóla, kvöldverður þar, rólegt kvöld.

Fimmtud. 17. ágúst

Hægviðri, skýjað rigning síðd. Lögðum upp kl. 9.15 á leið í Holmedal fyrst ekið til Dale, farið þar í bílferju í 20 mín, veitingar þar kl.12-13, síðan skruðganga að bautasteini í landi Ingólfs, síðan að stytta Ingólfs Arnarssonar, þar fór fram kórsöngur og ræðuhöld, þá ekið að Holmedal, skoður þar hvífaværksmiðja og keyptur þar hnífapör, síðan farið í samkomuhúsið, þar veitingar: rjómagrautur, síðan kaffi, faraið þaðan kl.8.

Föstud. 18. ágúst

Lögðum upp frá Moe kl. 7.45 á leið til Ósló, hægviðri var og súld, ekið var í 2 rútum, farið um 1200 m hæð og niður í Sognfjord, farið í bilferju yfir fjörðinn, stytta upp er komið var lengra inn í landið, höfðum með okkur bita og borðuðum hann í smá þorpi í Lærdal, borðuðum mat í veitingahúsi í Nesbyen i Hallingdalen (veisla), leiðin um Hallingdal er mjög falleg. Skúli Skúlason hitti okkur í Nesbyen, til Óslóar komum við kl. 13.

Laugard. 19. ágúst

Hægviðri lét skýjaðl gistum í nótt í farfuglaheimili. Haraldheim. Fórum snemma á fætur, tókum sporvagn í borgina kl. 8.30, var þetta frjáls dagur en erfiður, gengum í búðir, fórum til kl.3 en þá búðum lokað. Ég keypti mér föt, frakka og buxur og skyrtur. Anna fékk ekkert, leiðaði lengi að skóm fyrir Huldu og keypti stóra ferðatösku, vorum uppgefin er lokað var, keyptur brauð og öl á vetingastað. Í kvöld fórum við og keyptum okkur mat og gengum um borgina.

Sunnud. 20.ágúst

Hægviðri, létt skýjað, farið í skoðunarferð um borgina f.h, síðan í skógargöngu (þótti mörgum erfið) endaði gangan við skíðahótel vestan við Ósló, hátt uppi í fjalli. Var þar matur sem Norges skogselskab bauð upp á, frjáls tími til kl. 7. fórum við þá út í Bygdö og sáum þar ýmis söfn; m.a. Kon-tiki. Matarveisla. Síðan farið á útiskemmtistað þarsem sýndir voru þjóðdansar o.fl. til kl. 11. Þá farið heim í leigubílum.

Mánud.21. ágúst

Farið snemma á fætur Kl.8.30 lagt af stað út á flugvöll í besta veðri, fórum í gegnum frihöfnina en þar lítið að hafa. Keyptum þó eitthvað smálegt, kl. 10.30 lagt af stað og lent á Reykjavíkurflogvelli kl. 14.30 að íslenskum tíma eftir 5 klst flug. Fór vel um okkur í vélinni (góður matur). Fegin að vera komin heim. Guðný og Áslaug biðu okkar á vellinum með Broncoinn, Guðný hafði komið heim um miðja síðustu viku.